

Margrét Guðmundsdóttir

Stjórnarformaður

Margrét Guðmundsdóttir, f. 1954 starfaði sem forstjóri Icepharma hf. 2006-2016. Hún hóf störf hjá Austurbakka hf. 2005 en fyrirtækið sameinaðist Icepharma og Ísmed 2006 undir nafni Icepharma hf. Áður starfaði Margrét sem framkvæmdastjóri hjá Skeljungu 1995-2005, framkvæmdastjóri hjá Kuwait Petroleum (Danmark) A/S 1986-1995 og skrifstofustjóri hjá Dansk ESSO, síðar Statoil, 1982-1986. Hún var aðstoðarframkvæmdastjóri AIESEC International í Brussel 1978-1979.

Margrét situr í stjórn Eignahaldsfélagsins Lyngs ehf., Lyfjapjónustunnar ehf, Icepharma AS, Heklu hf., Reiknistofu Bankanna, Paradísar ehf., Heklu Fasteigna ehf. og ISAVIA. Margrét var formaður European Surgical Trade Association 2011-2013 og sat í stjórn félagsins frá 2009-2015. Hún var formaður Félags atvinnurekenda 2009-2013, sat í stjórn Reiknistofu bankanna 2010-2011 og stjórn SPRON 2008-2009. Margrét hefur einnig setið í stjórn eftirtaldrá fyrirtækja: Skýrr hf., Frigg hf., Q8 A/S í Danmörku og Dansk Institut for Personalerådgivning.

Hún er með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands, Cand. oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, Cand. merc. próf frá Copenhagen Business School og Executive menntun frá CEDEP/Insead í Frakklandi. Margrét hóf stjórnarstörf hjá N1 árið 2011 og hefur verið formaður frá 2012.